

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70\mu$ og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 161, 28. febrúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 11. júlí 1980 staðfesti skipulagsstjórn ríkisins breytta landnotkun á spildunni sunnan Óskjuhlíðarskóla í Reykjavík milli Hafnarfjarðarvegar og Kringlumýrarbrautar, þannig að nefnd spilda breyttist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannns Barðastrandarsýslu um flutning þingstaðar í Gufudalshreppi, Austur-Barðastrandarsýslu:

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 3. júlí s. l., og ósk Gufudalshrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Neðri-Gufudal í Gufudalshreppi að Skálanesi í sama hreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“